

3. Svínakjöt (samheiti fyrir kjöt af svínunum, án tillits til aldurs eða kynferðis):*Grísakjöt*

Kjöt af ungum svínunum, göltum sem vanaðir hafa verið innan 3 mánaða aldurs og gyltum sem ekki hafa gotið.

4. Hrossakjöt:*Hrossakjöt*

Kjöt af hrossum, eldri en 6 ára.

Unghrossakjöt

Kjöt af hrossum, 3 til 6 ára.

Trippakjöt

Kjöt af trippum, 1 til 2 ára.

Folaldakjöt

Kjöt af folöldum, allt að 1 árs.

5. Annað kjöt:*Villibráð**Alifuglakjöt**Kanínukjöt**Geitakjöt***GJALDSKRÁ****fyrir Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.**

1. gr.

Fyrir táknmálsnámskeið með inniföldu námsefni skal innheimta kr. 8.000 og er þá miðað við 21 stundar námskeið. Fyrir námskeið af annarri lengd skal greiða hlutfallslega miðað við stundafjölda. Forráðamenn heyrnarlausra barna skulu þó ekki greiða námskeiðsgjöld.

2. gr.

Fyrir ráðgjöf og túlkun skal innheimta kr. 3.000 á klst. Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra getur þó veitt undanþágu vegna túlkunar fyrir heyrnarlausra í einkaerindum.

3. gr.

Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra ákveði verð myndbanda og námsefnis hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi skal hækka til samræmis við taxtaskrá BHM B3.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. maí 1998.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.